



Reykjavíkurborg  
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 14. september 2020  
PON20080029  
R20080079

Til borgarráðs  
Ráðhús Reykjavíkur

***Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað vegna frestunar á innleiðingu Hlöðunnar.***

Vísað er til bréfs, dagsett þann 21. ágúst 2020, þar sem óskað er eftir svari þjónustu- og nýsköpunarsviðs (PON) við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað vegna frestunar innleiðingar Hlöðunnar.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt

sviðsstjóri



Reykjavík, 14. september 2020  
PON20080029  
R20080079  
PON  
ÓJS

## Svar

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

---

**Efni:** Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað vegna frestunar á innleiðingu Hlöðunnar.

Þann 20. ágúst 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram í borgarráði svohljóðandi fyrirspurn:

*Kynnt var á fundi borgarráðs frestun innleiðingar upplýsingastjórnunarkerfi Reykjavíkur sem ber heitið Hlaðan. Fullyrt var á fundinum að Reykjavíkurborg bæri engan kostnað af frestuninni. 1. Hver var upphafleg kostnaðaráætlun vegna kerfisins og uppsetningu þess? 2. Hefur verkið farið fram úr kostnaðaráætlun? 3. Ef svo er, hver er ástæða þess? 4. Hvað hefur Reykjavíkurborg greitt fyrir upplýsingastjórnunarkerfið allt til dagsins í dag tæmandi talið? 5. Er fjirsjáanlegur aukakostnaður vegna innleiðingarinnar sem er ekki kominn á gjaldaga? 6. Ef svo er hvað er sá kostnaður? 7. Hvað er áætlað að endanlegur kostnaður verði þegar innleiðingu er að fullu lokið?*

Fyrirspurninni var vísað með bréfi til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dagsettu þann 21. ágúst 2020.

### Svar:

1. Upphafleg kostnaðaráætlun vegna kaupa kerfisins, uppsetningu þess hjá miðlægni stjórnsýslu, kennslu, sérfræðingsvinnu og þjónustugjöldum til 10 ára var 1.048.280.000 kr. án vsk.

Samþykkt tilboð seljanda í samkeppnisviðræðuferli nr. 14030 var 969.715.172 kr án vsk. og lá því 7,5% undir kostnaðaráætlun. Greiðist kostnaðurinn á tíu árum.

2. Verkefnið hefur ekki farið fram úr kostnaðaráætlun.

3. Á ekki við sbr. svar við lið 2.

4. Tæmandi talið hafa samtals 105,3 milljónir króna án vsk. verið greiddar fyrir upplýsingastjórnunarkerfið til Hugvits, og skipast þær eftirfarandi:
1. Upphafskostnaður 58,7 m.kr.
  2. Mánaðarleg þjónustugjöld 33,8 m.kr.
  3. Valkvæður kostnaður; kennsla og sérfræðivinna 12,8 m.kr.

Auk þess er í fjárfestingaráætlun 2020 gert ráð fyrir 88 milljónum króna í stuðning við svið borgarinnar vegna innleiðingar Hlöðunnar og átaks í skjalamálu. Á þeim tímapunkti sem þessari fyrirspurn er svarað hafa verið greiddar 41,7 milljónir króna.

5. Við fyrirspurn um aukinn kostnað vegna innleiðingar er svarið að enginn aukakostnaður er fyrirjáanlegur vegna innleiðingarinnar.
6. Á ekki við sbr. svar við lið 5.
7. Að innleiðingu lokinni hjá miðlægri stjórnsýslu er áætlað að endanlegur kostnaður verði eftirfarandi, í samræmi við tilboð seljanda sem er þrískipt:

1. Upphafskostnaður (áfangaskiptar greiðslur á innleiðingartíma)	ISK verð án VSK
Hugbúnaðarleyfi kerfisins (ekki kerfishugbúnaður) fyrir 3000 notendur	56.006.250
Kerfishugbúnaður (stýrikerfi, gagnagrunnur, afritun, vöktun, o.s.frv.)	4.560.000
Innleiðing	86.208.568
<b>Upphafskostnaður samtals:</b>	<b>146.774.818</b>
2. Þjónustugjöld	
Rekstur og hýsing kerfisins í 10 ár	474.034.479
<b>Þjónustugjöld samtals á 10 árum:</b>	<b>474.034.479</b>
<b>Þjónustugjöld samtals á mánuði:</b>	<b>3.950.287</b>
3. Valkvæður kostnaður (kaupandi ákveður hvort þjónusta verður keypt eða ekki)	
750 klst. vinna við kennslu/kennsluefni	12.502.875
20.000 klst. vinna sérfræðinga á samningstíma	333.410.000
Viðbótarhugbúnaðarleyfi kerfisins fyrir 100 notendur	2.987.000
Mánaðargjald af 1 TB af diskplássi og afritun þess	6.000
<b>Valkvæður kostnaður samtals:</b>	<b>348.905.875</b>
<b>Samanlagður heildarkostnaður</b>	<b>969.715.172</b>

Til viðbótar við framangreint gerir fjárfestingaráætlun ráð fyrir því að 88 milljónum króna verði varið á ári, fram til ársins 2022, í stuðning við svið borgarinnar vegna innleiðingu Hlöðunnar og átaks í skjalamálu og 60 milljónum króna árin 2023 og 2024.

Virðingarfyllst,



Óskar J. Sandholt